

## Verkefnisstjórn 5. Áfanga rammaáætlunar Jón Geir Pétursson, formaður

Reykjavík 11. nóvember 2022

Í 6. gr. í [starfsreglum verkefnisstjórnar verndar og orkunýtingaráætlunar](#) segir: „Við ákvörðun um endurmat virkjunarkosta og landsvæða sem gildandi áætlun nær til, skal verkefnisstjórn meta hvort til staðar séu nýjar upplýsingar um viðkomandi landsvæði eða virkjunarkosti sem líklegt er að hafi áhrif á mat á verðmætum eða á flokkun virkjunarkosta, svo sem upplýsingar um náttúrufar, breytta tækni, umhverfisáhrif eða aðra breytilega þætti. Sé það niðurstaða verkefnisstjórnar getur hún metið kostinn á ný.“

Með tilvísan í framangreinda grein óskar Stjórn Landverndar eftir því að verkefnisstjórn 5. Áfanga rammaáætlunar taki til endurmats tvær virkjunartillögur í orkunýtingarflokki, þ.e. Eldvörp á Reykjanesi og Hvalárvirkjun á Vestfjörðum. Landvernd telur ljóst að fram hafi komið upplýsingar, bæði um **viðkomandi landsvæði og virkjunarkosti**, sem ekki voru fyrir hendi þegar framangreindar virkjunartillögur voru teknar til mats og að þær upplýsingar séu þess eðlis að rík ástæða sé til að ætla að það geti haft umtalsverð áhrif á röðun þeirra. Auk þess virðast **mistök** hafa verið gerð þegar Hvalárvirkjun var sett í orkunýtingarflokk af verkefnisstjórn 2. áfanga rammaáætlunar, eins og nánar er lýst hér að neðan.

Nánari er farið yfir rökstuðning fyrir þessari málaleitan hér á eftir.

### Vestfirðir: Hvalárvirkjun (R3104B)

Lög nr. 48/2011, um verndar-og orkunýtingaráætlun tilgreina að byggja skuli á niðurstöðu á mati faghópa, sem voru fjórir við gerð 2. áfanga rammaáætlunar. Jafnframt segir í sömu lögum að þar sem upplýsingar séu ekki taldar nægjanlega góðar skuli virkjunarkostur falla í biðflokk. Í skilaskýrslu verkefnisstjórnar 2. áfanga rammaáætlunar frá júní 2011 kemur fram í töflu 7.2 að Hvalárvirkjun er í 29 sæti af 52 virkjunarkostum, en alls fara 16 kostir í orkunýtingarflokk. Ef farið væri eftir röðun faghóp má ætla að 16 efstu virkjunarkostirnir hefðu átt að fara í orkunýtingarflokk en ekki kostur númer 29. Hér virðast því hafa verið gerð mistök sem þarf að leiðrétta.

Hvað varðar gæði gagna kemur fram í sömu skýrslu að gögn um Hvalárvirkjun er varða náttúru- og menningarminjar séu í C/B flokki og gögn um ferðaþjónustu, útvist, landbúnað og hlunnindi í flokki C/C. Skv. leiðbeiningum sem lýst er í skýrslunni frá júní 2011 er gæðamati skipt í 4 flokka. Gögn í A og B flokki teljast fullnægjandi, gögn í C flokki nægja tæpast fyrir mati og gögn í D flokki eru ónóg fyrir mat. Þetta styrkir enn frekar þá niðurstöðu að mistök hafi verið gerð þegar Hvalárvirkjun var raðað í orkunýtingarflokk.

Að Hvalárvirkjun hafi ranglega verið sett í orkunýtingarflokk var í raun staðfest þegar niðurstaða mats á umhverfisáhrifum Hvalárvirkjunar kom fram. Í álit Skipulagsstofnunar frá 2017<sup>1</sup> kemur fram að áhrifin yrðu afar neikvæð. M.a. má lesa eftirfarandi í álit stofnunarinnar:

- Sjónræn áhrif framkvæmdanna munu hafa bein áhrif á upplifun fólks á svæðinu og eru að mati Skipulagsstofnunar líkleg til að hafa neikvæð áhrif á ferðaþjónustu og útvist.

<sup>1</sup> [Hvalárvirkjun í Ófeigsfirði, Árneshreppi, Álit um mat á umhverfisáhrifum](#), 3. apríl 2017.

- Þau stöðuvötn sem verða fyrir áhrifum vegna fyrirhugaðra framkvæmda njóta sérstakrar verndar samkvæmt 61. grein náttúruverndarlaga sem felur í sér að forðast ber að raska þeim nema brýna nauðsyn beri til. Virkjunarframkvæmdirnar munu gera að verkum að lífsskilyrði í þeim versna.
- Skipulagsstofnun telur að áhrif Hvalárvirkjunar á ásýnd, landslag og víðerni verði verulega neikvæð þrátt fyrir mótvægisáðgerðir þær sem framkvæmdaraðili fyrirhugar.
- Skipulagsstofnun telur að inngrip í vatnafar svæðisins verði mikið eins og skert rennsli í fossum og áhrif á stöðuvötn og því yrðu áhrif á vatnafar verulega neikvæð.
- Staðfest er að nokkrar válistategundir og ábyrgðartegundir geta orðið fyrir neikvæðum áhrifum vegna fyrirhugaðra framkvæmda.

Í skýrslu Dr. Andrej Sovinc hjá Alþjóðlegu náttúruverndarsamtökunum IUCN frá því í janúar 2020 kemur fram að víðernin sem kennd eru við Drangajökul á norðanverðum Vestfjörðum<sup>2</sup> uppfylli viðmið fyrir verndarflokk Ib (Óbyggð víðerni) í alþjóðlegum skilyrðum IUCN fyrir verndarsvæði<sup>3</sup>. Þessi niðurstaða IUCN styður framangreint álit Skipulagsstofnunar um víðerni og varpar einnig nýju ljósi á Austurgilsvirkjun og sýnir að verndargildi svæðisins er mun hærra en áður var áætlað. Þá segir í skýrslunni að vernd svæðisins sé mikilvæg í alþjóðlegu og innlendu samhengi þar sem það er eitt af örfáum heildstæðum óbyggðum víðernum í Evrópu og flokkist sem alþjóðlega mikilvæg óbyggð víðerni. Svæðið búi einnig yfir einstökum jarðminjum, ótal stöðuvötnum og mörgum fögrum fossum og á því finnast merkir steingervingar.

Niðurstaða skýrslu Andrej Sovinc er að allar stórar framkvæmdir á svæðinu myndu stríða gegn viðmiðum og reglum IUCN sem og íslenskum reglum um verndarflokka Ib (víðerni) og II (þjóðgarður) sem svæðið uppfyllir nú. Fyrirhuguð Hvalárvirkjun er sögð breyta vatnafari svæðisins stórlega, skaða landslagsheildir, lífbreytileika og náttúru þess til frambúðar og því draga verulega úr náttúruverndargildi þess. Þessar niðurstöður eru í samræmi við tillögur Náttúrufræðistofnunar Íslands um svæði á náttúru-minjaskrá<sup>4</sup> og við álit Skipulagsstofnunar á umhverfisáhrifum Hvalárvirkjunar.

Í ljósi framangreindra upplýsinga telur stjórn Landverndar augljóst að til staðar séu „nýjar upplýsingar um viðkomandi landsvæði eða virkjunarkosti sem líklegt er að hafi áhrif á mat á verðmætum eða á flokkun virkjunarkosta“, eins og það er orðað í 6. gr. í [starfsreglum verkefnisstjórnar verndar og orkunýtingaráætlunar, og að](#) faglegar forsendur fyrir því að setja Hvalárvirkjun í orkunýtingarflokk séu algjörlega brostnar. Þá er augljóst að hvað Hvalárvirkjun varðar, var unnið með ófullnægjandi gögn og ekki farið að faglegu mati faghópa. Þar sem framkvæmdir eru ekki hafnar við virkjunina er tímabært að leiðrétta þau mistök sem gerð voru og óskar stjórn Landverndar eftir því að verkefnisstjórn rammaáætlunar 5 taki virkjunartillöguna til endurmats eins og starfsreglur heimila í tilviki sem þessu.

## Reykjaneskaginn: Eldvörp (R3263A)

<sup>2</sup> [Assignment of the IUCN Protected Area category to the Drangajökull wilderness area](#), Western Fjords, Iceland, January 2020.

<sup>3</sup> [IUCN Protected Area Management Categories definition | Biodiversity A-Z](#)

<sup>4</sup> <https://www.ni.is/is/midlun/natturuminjaskra/drangajokull>

Reykjanes-skagann og þar með Reykjanesfólkvangur á að mati Landverndar að líta á sem eitt verndarsvæði, enda hafi svæðið mikla sérstöðu sem heild sem ekki má raska. Einstök jarðfræði svæðisins er meginástæða þess að Reykjanesfólkvangur fékk vottun sem Unesco Global Geopark árið 2015. Á svæðinu má sjá ummerki N-Atlantshafshryggisins ganga á land, svo sem gliðnun og eldvirkni. Þarna eru hraunmyndanir, móbergshryggir, gígaraðir, sprungureinar, hverasvæði, hraunhellar og jarðminjar af öllum gerðum sem prýða einstaka eldfjallanáttúru skagans.

Eldvörp eru gígaröð sem sýna einstaka sögu eldsumbrota á mörkum tveggja jarðskorpufleka. Gígaröðin er 10 km löng, myndaðist á nútíma og er stórmerkileg í sjálfu sér en býr einnig yfir merkri menningarsögu og frekari sérstæðum jarðmyndunum á borð við Tvígíghelli. Nánar er fjallað um Eldvörp á heimasíðu Náttúruverndarsamtaka Suðvesturlands og á náttúrukorti Landverndar<sup>5</sup>.

Í tilviki Eldvarpa hafa ný gögn komið fram eftir að landssvæðið var flokkað í orkunýtingarflokk af verkefnisstjórn rammaáætlunar 2. Þar er annars vegar um að ræða fyrrnefnda útnefningu Reykjanesfólkvangs sem UNESCO Geopark og hins vegar álit Skipulagsstofnunar á umhverfisáhrifum af rannsóknarborunum. Í álit Skipulagsstofnunar frá 22. september 2014 á rannsóknarborunum í Eldvörpum segir „.....telur Skipulagsstofnun jarðfræðilega sérstöðu Eldvarpasvæðisins óumdeilanlega en svæðið er á náttúruminjaskrá vegna stórbrötinnar jarðfræði.“ Stofnunin telur áhrif rannsóknarborhola í Eldvörpum á jarðmyndanir og gróður vera staðbundið talsvert neikvæð sem og talsvert neikvæð áhrif á ásýnd, útivist og ferðamennsku af rannsóknarborholum. Áhrifin af fullnýtingu svæðisins yrðu umtalsvert meiri og varanlegri<sup>6</sup>.

Að mati Landverndar var mikilvægi náttúrunnar í nágrenni við þéttbýlasta hluta landsins vanmetið í 2. áfanga rammaáætlunar. Í nánd við jarðvanginn búa 2/3 hlutar landsmanna sem geta notið hans til náttúruupplifunar ásamt því að langflestir erlendir ferðamenn sem til landsins koma fara um hann á leið sinni til og frá landinu. Nýleg eldsgos eru enn ein staðfestingin á verndargildi Reykjaneskaga. Jarðskjálftavirkni sem þeim tengist eru talin vera merki um upphaf nýs eldsumbrotatímabils. Þetta styður enn frekar þá niðurstöðu að óábyrgt sé að ráðast í nýjar virkjanir á Reykjaneskaga.

Í ljósi framangreindra upplýsinga telur stjórn Landverndar augljóst að til staðar séu „nýjar upplýsingar um viðkomandi landsvæði og virkjunarkost sem líklegt er að hafi áhrif á mat á verðmætum eða á flokkun virkjunarkosta“, eins og það er orðað í 6. gr. í [starfsreglum verkefnisstjórnar verndar og orkunýtingaráætlunar, og að](#) faglegar forsendur fyrir því að halda Eldvörpum í orkunýtingarflokki séu ekki til staðar. Þar sem framkvæmdir eru ekki hafnar við virkjunina óskar stjórn Landverndar eftir því að verkefnisstjórn 5. Áfanga rammaáætlunar taki virkjunartillöguna til endurmats eins og starfsreglur heimila í tilviki sem þessu.

Með vinsemd og virðingu,  
Auður Önnu Magnúsdóttir, framkvæmdastjóri Landverndar

<sup>5</sup> [Eldvörp – mikil fórn fyrir lítinn ávinning – Náttúruverndarsamtök Suðvesturlands \(nsve.is\) www.landvernd.is/eldvorp](#)

<sup>6</sup> [Rannsóknarboranir í Eldvörpum, Grindavík. Álit Skipulagsstofnunar um mat á umhverfisáhrifum.](#)